

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkaupstað,
nr. 178 15. september 1965.

1. gr.

55. gr. orðist svo:

Veitingahúsum, kaffihúsum, dansstöðum, knattborðsstöðum og öðrum slíkum skemmtistöðum skal lokað kl. 24.00 til 7.00. Knattborðsstofum og öðrum slíkum skemmtistöðum skal auk þess lokað allar stórhátíðir, og aðra helgidaga frá kl. 12.00—16.00.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. maí 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

LEIÐBEININGAR

um utankjörfundaratkvæðagreiðslu á sjúkrahúsum
og dvalarheimilum aldraðra.

Samkvæmt 63. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 15 5. apríl 1974, er kjörstjóra við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar hérlandis heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda sé kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni. Atkvæðagreiðsla í stofnunum þessum skal fara fram á þeim tíma, sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn viðkomandi stofnunar, samkvæmt nánari reglum, sem dómsmálaráðuneytið setur.

Um það, hverjar stofnanir teljast sjúkrahús og dvalarheimili aldraðra, vísast til IV. kafla laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57 20. maí 1978, og laga um dvalarheimili aldraðra, nr. 28 18. apríl 1973, en samkvæmt lögum þessum þarf leyfi heilbrigðisráðherra til að setja á stofn og reka sjúkrahús og dvalarheimili aldraðra.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu á sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra eru þeir sömu og annast utankjörfundaratkvæðagreiðslu almennt, sbr. a- og b-lið 13. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Rétt til að greiða atkvæði utan kjörfundar á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra hafa eingöngu sjúklingar eða vistmenn á viðkomandi stofnun. Aðrir, svo sem starfsfólk stofnana þessara, hafa hins vegar ekki rétt til að greiða þar atkvæði. Um kosningu þessa eiga að öðru leyti við ákvæði 62. gr. laga um kosningar til Alþingis. Samkvæmt 2. mgr. 62. gr. hafa þeir heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar, sem samkvæmt læknavottorði er ráðgert að dveljast muni í sjúkrahúsi á kjördegi, einnig barnshafandi konur, sem ætla má að muni verða hindraðar í að sækja kjörfund á kjördegi. Kjósandi, sem ekki ráðgerir að dvelja á sjúkrahúsi eða dvalar-